



## Fundargerð

**Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) haldinn að Borgartúni 6, 4. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 21. mars 2019**

**Fundur settur kl. 12:00**

Formaður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
- Fundarritari: Ragnheiður Ragnarsdóttir

**Dagskrá, samkvæmt lögum félagsins:**

- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár
- Skýrslur og tillögur nefnda
- Tillögur félagsstjórnar
- Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalda
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
- Önnur mál

### 1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2018-2019. Skýrslu stjórnar ásamt ársreikningum og öðrum fundargögnum var dreift á fundinum.

### 2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.

Gjaldkeri kynnti ársreikninga KVH og Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2018.

Úr ársreikningi KVH:

Rekstrartekjur félagsins voru kr. 87.702.711. Rekstrargjöld kr. 92.134.115. Tap ársins 2018 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 3.451.755. Eigið fé í árslok 2017 var kr. 40.118.992.

Úr ársreikningi Vísindasjóðs:

Vísindasjóður er gegnumstreymissjóður. Tekjur/iðgjöld Vísindasjóðs eru greiddar út sem styrkir til félagsmanna hjá sveitarfélögum og til þeirra félagsmanna á almenna markaðnum sem hafa aðild að sjóðnum. Vísindastyrkir eru greiddir út í febrúar ár hvert vegna iðgjalda liðins árs. Innborganir iðgjalda árið 2018 voru kr. 43.620.289 og veittir styrkir ársins kr. 38.465.844.

Fyrirspurnir frá fundarmönnum:

Fundarmaður óskaði eftir að grein yrði gerð fyrir launum og launatengdum gjöldum. Gjaldkeri fór yfir frávik frá áætlun sem varð vegna ráðningar nýs framkvæmdastjóra. Laun voru greidd til tveggja framkvæmdastjóra í fjóra mánuði. Vanáætlað var fyrir þeim kostnaði, þ.e. fráfarandi

framkvæmdastjóri starfaði lengur en reiknað var með. Þá átti hann inni talsvert orlof sem greitt var út við starfslok.

Í framhaldi gerði gjaldkeri grein fyrir helstu liðum fjárhagsáætlunar og ástæðum frávíka.

Skoðunarmaður reikninga Jóngeir Hlinason greindi frá endurskoðunarvinnu og helstu athugasemdum sem gerðar voru. Gerð var athugasemd við jólagjafir til stjórnarmanna og við umframkostnað vegna reiknilíkans. Skoðunarmaður gat þess að greinargóðar skýringar hefðu verið gefnar og athugasemdir teknar til greina. Að mati skoðunarmanna var bókhald vel fært og skipulag gott.

Ársreikningur KVH var borinn undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Vísindasjóðs KVH var borin undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

### 3. Skýrslur og tillögur nefnda.

Engar sérnefndir á vegum félagsins störfuðu á liðnu starfsári.

### 4. Tillögur félagsstjórnar.

Engar tillögur félagsstjórnar.

### 5. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf.

Framboð til formanns: Einn var í framboði, Ársæll Baldursson. Ársæll sjálfkjörinn formaður félagsins.

Kosið til embættis gjaldkera til tveggja ára. Í framboði voru Helga Sigurðardóttir og Sæmundur Hermannsson. 46 kusu, tveir auðir seðlar. Helga Sigurðardóttir fékk 22 atkvæði og Sæmundur Hermannsson fékk einnig 22 atkvæði. Samþykkt var á fundinum að kasta upp peningi til að skera úr um hvort þeirra hlyti embættið. Formaður kjörnefndar, Guðfinnur Þór Newman kastaði upp peningi. Helga hafði vinninginn.

Kosið í embætti meðstjórnenda til tveggja ára: Í framboði voru Helgi Þór Jónasson og Stefán Björnsson. 45 kusu. Eitt atkvæði autt. Stefán fékk 26 atkvæði, Helgi fékk 18 atkvæði. Stefán því réttkjörinn meðstjórnandi.

Í framboði meðstjórnanda til eins árs var Sæmundur Hermannsson. Sæmundur sjálfkjörinn.

Kosið var í 3 embætti varamanna til eins árs. Í framboði voru: Tjörvi Guðjónsson, Hjálmar Kjartansson, Björn Bjarnason og Birgir Guðjónsson. 35 kusu. Birgir fékk 29 atkvæði, Björn 23, Tjörvi 21, Hjálmar 17. Birgir, Björn og Tjörvi verða því varamenn til eins árs.

### 6. Lagabreytingar.

Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fyrir aðalfundinn.

### 7. Ákvörðun félagsgjalda.

Tillaga stjórnar KVH að félagsgjöld verði áfram óbreytt, þ.e. 0,6% af heildarlaunum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### 8. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins.

Gjaldkeri fór yfir rekstraráætlun KVH fyrir árið 2019. Gert er ráð fyrir ríflega 5,2 milljóna króna hagnaði á árinu.

Engar spurningar eða athugasemdir.

Rekstraráætlun borin upp til atkvæða, samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri las upp fjárfestingarstefnu stjórnar KVH 2019-2020. Formaður gerði grein fyrir tillögu stjórnar um fjárfestingarstefnu.

„Stjórn KVH leggur til að aðalfundur félagsins veiti heimild til þess að ráðstafa inneign félagsins í ríkisverðbréfum til þess að fjármagna kaup á skrifstofuhúsnæði í Borgartúni 6“

Í kjölfarið bar fundarstjóri upp tillöguna. Tillagan samþykkt samhljóða

#### 9. Önnur mál

Fundarmaður tók til máls. Hann þakkaði KVH og starfsmönnum skrifstofunnar fyrir þá hjálp og þann stuðning sem hann fékk við úrlausn sinna mála í erfiðri og langri viðureign sinni við atvinnurekanda sinn. Málið fór fyrir dómstóla og hafði hann fullnaðarsigur.

Fundarmaður óskaði eftir því að framvegis yrðu frambjóðendur kynntir fyrir aðalfund t.d. á heimasíðu félagsins. Verður skoðað.

Fundarmaður tók til máls og kom með þá ábendingu að huga þyrfti að jafnrétti kynja til framboðs. Stjórn mun skoða hvaða möguleikar eru varðandi það.

Nýkjörinn formaður sleit fundi.

**Fundi formlega slitið kl. 13:40**